



## Aðgerðaáætlun velferðartæknismiðju árið 2019

Aðgerðaáætlunin byggir á stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018 - 2022 og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018 - 2022. Áætluninni er ætlað að vera vegvísir velferðartæknismiðju í miðlun þekkingar og hvatningu á notkun og innleiðingu velferðartækni í samræmi við raunverulegar þarfir, tækni- og samfélagsbreytingar.

Tilgangur velferðartæknismiðju er að prófa og innleiða nýja velferðartækni með skilvirkum hætti og veita starfsfólki velferðarsviðs og borgarbúum þekkingu og ráðgjöf. Innleiðing á velferðartækni eykur öryggi og sveigjanleika í þjónustu og gefur eldri borgurum og aðstandendum þeirra virkara hlutverk í framkvæmd hennar.

Aðgerðaáætlunin skiptist í þrjú kafla:

1. Uppbygging starfsemi velferðartæknismiðju.
2. Prófanir og innleiðing velferðarlausna í þjónustu velferðarsviðs.
3. Fræðsla og vitundarvakning um notkun velferðartækni.

### 1. Uppbygging velferðartæknismiðju – Living Lab Reykjavík

Grundvöllur þróunar og nýsköpunar er notendasamráð og traust og þverfaglegt samstarf. Velferðartæknismiðja byggir upp samfélag sem styður við nýsköpun og þróun innan velferðarsviðs.

**Markmið: Auka sýnileika velferðartæknismiðju og byggja upp virkt notenda- og þekkingarsamfélag**

#### Aðgerð 1.1 Húsnæði velferðartæknismiðju

Velferðartæknismiðja mun koma formlegri starfsemi í eigin húsnæði með það að markmiði að auka aðgengi að verkefnastjórum og framkvæma forprófanir á velferðartækniþúnaði. Mikilvægt er að hanna rýmið í samræmi við þarfir smiðjunnar og notendur.

#### Mælikvarðar:

Tilbúið húsnæði velferðartæknismiðju til að taka á móti gestum og framvæma prófanir.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

### **Aðgerð 1.2 Kynningarstarf**

Velferðartæknismiðja mun markvisst upplýsa starfsfólk, stjórnendur og aðra hagsmunaaðila (s.s. frumkvöðla og fyrirtæki) um hvernig innleiða skal verklagsramma velferðartækniprófanna í starfsemi velferðarsviðs. Þessi verkþáttur inniheldur t.d. gerð markaðs- og kynningarefnis, skipulagningu verklags og rafræna fyrirspurna- og hugmyndagátta.

#### **Mælikvarðar:**

Dreifing markaðs- og kynningarefnis.

Fjöldi heimsókna og fyrirspurna á heimasíðu.

Fjöldi samstarfssamninga.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: Byrjun árs 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

### **Aðgerð 1.3 Uppbygging notendasamfélags**

Velferðartæknismiðja verður vettvangur notendasamfélags með virku samtali við núverandi notendur, framtíðarnotendur og sérfræðinga. Notendasamfélagið mun taka þátt í prófunum í heimahúsum, vinnustöðum og rýnihópum. Notendasamfélagið tryggir samráð velferðartæknismiðjunnar við notendur, sem er ein grunnforsenda nýsköpunar.

**Mælikvarði:** Fjöldi virkra þátttakanda í notendasamfélagi.

Ábyrgð: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: Byrjun árs 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

### **Aðgerð 1.4 Þátttaka í félagsstarfi eldri borgara**

Auka fjölbreytni í félagsstarfi eldri borgara með kynningum fyrir starfsfólk og eldri borgara á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Starfsfólk og eldri borgarar í félagsstarfi fá kynningu á velferðartæknilausnum. Þessi liður tengist einnig aðgerð 1.3 varðandi uppbyggingu notendasamfélags.

#### **Mælikvarðar:**

Fjöldi þátttakanda á viðburðum á vegum velferðartæknismiðju.

Fjöldi skráninga í notendasamfélagi.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: 2019 – 2020.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

## **2. Prófanir og innleiðing tæknilausna í þjónustu velferðarsviðs**

Prófanir tæknilausna er kjarnastarfsemi velferðartæknismiðju. Með notkun velferðartækni má bæta þjónustu sem velferðarsvið veitir í heimahúsum og jafnvel auka hana með nýjum lausnum. Velferðartæknismiðjan hefur m.a. greint þörf á hugbúnaðarlausnum til að auka sjálfvirkni í þjónustu og aukinni þörf á fjarþjónustu á velferðarsviði, svo sem skjáinnlita í heimaþjónustu og rafrænum ferlum. Velferðartæknismiðja hefur tekið upp notkun á viðurkenndu verklagi við þarfagreiningu, prófanir og innleiðingu á velferðartækni. Niðurstöður prófana eru settar fram í skýrsluformi sem inniheldur m.a. virðismat tækninnar og kostnaðaráætlun varðandi innleiðingu. Þetta eykur líkur á árangursríkum prófunum og innleiðingum.

**Markmið 1 :** Að auka skilvirkni, öryggi og sveigjanleika í þjónustu velferðarsviðs og gefa notendum og aðstandendum þeirra virkara hlutverk í framkvæmd þjónustunnar.

**Markmið 2 :** Að festa í sessi ákveðið verklag þegar kemur að prófunum, samstarfi og innleiðingu velferðartækni og hámarka þannig virði fjárfestinga í velferðartækni.

### **Aðgerð 2.1 Fjarheimaþjónustukerfi**

Prófanir og innleiðing fjarheimaþjónustukerfis sem gerir starfsfólki velferðarsviðs kleift að veita þeim, sem glíma við félagslegar- og/eða heilsuáskoranir, markvissari þjónustu, hvatningu og stuðning í gegnum skjáheimsóknir. Með skjáheimsóknum er augin sveigjanleiki í heimaþjónustu, með sérstaka áherslu á þá sem þurfa félagslegan og heilsufarslegan stuðning.

**Mælikvarði:** Fjöldi aðila / heimila sem fá að einhverju eða öllu leyti skjáheimsóknir.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju og deildarstjórar heimaþjónustu.

Tímabil: Prófanir hefjast árið 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

### **Aðgerð 2.2 Tækninýjungar á heimilum þar sem heimaþjónusta er veitt**

Markvisst skima eftir og framkvæma prófanir á mismunandi búnaði sem eykur skilvirkni og sveigjanleika í þjónustu, öryggi og lífsgæði íbúa og veitir aukna möguleika á samvinnu þjónustuveitenda og aðstandenda. Sem dæmi má nefna raflyklakerfi, búnað til sjálfvirkra ryksugu / skúringarvéla og persónulegs hreinlætis og annan búnað til sjálfshjálpar á eigin heimili.

**Mælikvarðar:**

Fjöldi prófanna sem mögulega auka lífsgæði og sjálfstæði notenda til búsetu á eigin heimilum.

Hlutfall prófanna sem síðar leiða til innleiddra tækninýjunga.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: Athuganir og prófanir hefjast árið 2019.

Kostnaður: Prófanir innan fjárhagsramma.

### **Aðgerð 2.3 Tækninýjungar í starfsemi velferðarsviðs**

Aðstoða starfsfólk velferðarsviðs við að hefja þarfagreiningar og setja prófanir í formlegt ferli. Taka á móti fyrirspurnum um áskoranir og lausnir í starfsemi velferðarsviðs og hafa yfirsýn á tækniþróun á velferðarsviði. Sem dæmi má nefna öryggis- og samskiptabúnað sem og annan tækniþúnað sem eykur skilvirkni sviðsins.

**Mælikvarðar:**

Fjöldi nýrra tækniprófana á velferðarsviði.

Fjöldi ábyrgðaraðila sem nýtir aðferðarfræði Velferðartæknismiðju.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju í samstarfi við stjórnendur innan sviðsins.

Tímabil: Eins og fyrirspurnir berast frá byrjun árs 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

## **3. Fræðsla og vitundavakning um notkun velferðartækni**

Velferðartækni er nýlegt hugtak í íslenskri tungu og hefur ekki enn fest sig í sessi sem eðlileg nálgun til að auka lífsgæði og veita fjölbreyttari þjónustu. Mikilvægt er að skapa áhuga á málefnum meðal núverandi notenda og framtíðarnotenda sem og starfsfólks velferðarsviðs. Starfsemi velferðartæknismiðju mun fara fram á vettvangi velferðarsviðs, en einnig innan veggja smiðjunnar sjálfar þar sem skapandi umhverfi verður innblástur til hugmynda starfsmanna, notenda og annara gesta.

**Markmið 1:** Í velferðartæknismiðju verði lifandi og skapandi starfssemi, þar sem starfsfólk og borgarþátttakendur hafi aðgang að þekkingu varðandi nýsköpun og velferðartækni og geta komið á framfæri áskorunum og/eða hugmyndum að lausnum.

**Markmið 2 :** Festa í sessi ákveðið verklag þegar kemur að prófunum, samstarfi og innleiðingu velferðartækni og hámarka þannig virði fjárfestinga í velferðartækni.

### Aðgerð 3.1 Námskeið og viðburðir fyrir starfsfólk

Námskeið og aðrir upplýsingaviðburðir um velferðartækni og nýsköpun fyrir starfsfólk velferðarsviðs. Áhersla á að kynna á skapandi hátt nýja tækni og aðferðir sem veitir starfsfólki innblástur til þjónustu- og starfsþróunar með það að markmiði að aðstoða fólk við að gera sín eigin störf enn betri. Nýir viðburðir sem velferðartæknismiðja stendur fyrir verður vettvangur, en einnig verður málefnum skapandi hugsunar og nýsköpunar t.d. gefin athygli á öðrum fundum s.s. á stjórnenda- og starfsmannafundum og starfsdögum.

#### Mælikvarði:

Fjöldi þátttakanda á viðburðum á vegum velferðartæknismiðju.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju í samstarfi við stjórnendur á velferðarsviði.

Tímabil: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

### Aðgerð 3.2 Hugmynda- og nýsköpunarviðburðir

Í samvinnu við Snjallborgina verður haldin nýsköpunarkeppni starfsfólks Reykjavíkurborgar um tækninýjungar og þjónustu á velferðarsviði. Þessi keppni verður haldin í kjölfar annarra smærri viðburða á tímabilinu, þar sem aðferðir og hugmyndir hafa verið ræddar með markvissum hætti með það að markmiði að bæta þjónustu og starfsumhverfi velferðarsviðs. Starfsfólk fær tækifæri til að ræða hugmyndir, vinna með hugtök á sviði nýsköpunar og þróunar með afmarkað verkefni í huga. Áhersla á þverfagleg teymi sem vinna saman að úrbótaverkefnum á sviði velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar.

#### Mælikvarðar:

Fjöldi þátttakanda á viðburðum á vegum velferðartæknismiðju.

Gagnsemiskönnun að viðburðum loknum.

Fjöldi nýrra hugmynda.

Ábyrgðaraðilar: Verkefnastjórar velferðartæknismiðju.

Tímabil: 2020.

Kostnaður: 1 mkr. í verðlaunafé, 0,5 mkr. í viðburð

## Yfirlit yfir aðgerðir

Aðgerð	Kostnaður	Upphaf
<b>1. Uppbygging starfsemi velferðartæknismiðju</b>		
1.1 Húsnæði velferðartæknismiðju	Innan fjárhagsramma	2019
1.2 Kynningarstarf	Innan fjárhagsramma	2019
1.3 Uppbygging notendasamfélags	Innan fjárhagsramma	2019
1.4 Þátttaka í félagsstarfi eldri borgara	Innan fjárhagsramma	2019
<b>2. Prófanir og innleiðing tæknilausna í þjónustu velferðarsviðs</b>		
2.2 Tækninýjungar á heimilum þar sem heimaþjónusta er veitt	Innan fjárhagsramma	2019
2.3 Tækninýjungar í starfsemi velferðarsviðs	Innan fjárhagsramma	2019
<b>2. Fræðsla og vitundarvakning um notkun velferðartækni</b>		
3.1 Námskeið og viðburðir fyrir starfsfólk	Innan fjárhagsramma	2019
3.2 Hugmynda- og nýsköpunarviðburðir	1,5 Mkr.	2019